



GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun fráveitumannvirkja í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu. Eigendum frístundahúsa, íbúðarhúsa og annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt að hafa tengda rotþró og greiða árlegt rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. xxx/2025 um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald skal vera:

0-6000 lítrar, 15.000 kr.

6001 lítrar og stærri, 2.500 kr. pr/m³

Lífræn hreinsistöð/Demantur 23.500 kr.

Er það árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, frístundahús eða annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð þriðja hvert ár og miðast álagt gjald við að gjaldið standi undir þeim kostnaði.

Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar skal eigandi fasteignar greiða samkvæmt reikningi beint frá verktaka.

3. gr.

Rotþróargjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar og ber hann ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Almenn rotþróargjald skal álagt og innheimt með fasteignasköttum og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri sem gjaldið er lagt á, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 7. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 5. nóvember 2025, sbr. heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1527/2024.

Kjósarhreppi, 8. desember 2025

Þorbjörg Gísladóttir
Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri



B-deild – Útgáfudagur: ?

